

Fundargerð Fagráðs í nautgriparækt 29. maí á Búgarði.

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs

Magnús B. Jónsson

Sigurður Loftsson

Sigurgeir Hreinsson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Gunnar Guðmundsson

Fjarverandi:

Björn Gunnarsson

Bragi Líndal Ólafsson

Grétar Hrafn Harðarson

Þorsteinn Ólafsson

1. Nýtt kynbótamat og afkvæmarannsóknir.

- a. Magnús B. Jónsson leggur fram niðurstöður nýs kynbótamats í nautgriparækt. Farið yfir endanlega niðurstöðu fyrir nautaárgang 2005 þar sem öll naut teljast nú hafa tilskilin fjölda dætra fyrir afkvæmadóm. Tvö naut standa efst og jöfn í árganginum sem eru Birtingur 05043 og Vindill 05028. Rætt er um hvort og þá hvaða aðferðum beita ætti til að skilja á milli þeirra. Tekin er ákvörðun um að fara ekki í slíkar aðgerðir þar heldur verðlauna þessi tvö naut og ræktendur þeirra í þetta skiptið. Heildareinkunn nauta sé reiknuð út frá settum kynbótamarkmiðum og niðurstöður ekki gefnar upp með aukastöfum. Þessi tvö naut séu því samkvæmt því sannarlega efst og jöfn úr nautaárgangi 2005.
- b. Farið yfir nautaárgang 2006. Nokkur naut eru komin með fullnægjandi fjölda dætra til að hægt sé að leggja mat á hvort þau komi til framhaldsnotkunar eða ekki. Ákveðið er að taka 5 naut til viðbótar úr þessum árgangi til framhaldsnotkunar. Þetta eru nautin Baldi 06010 og Kambur 06022 með A dóm og Logi 66019, Dynjandi 06024 og Hjarði 06029 með B dóm. Einnig er ljóst að nautin Dreitill 06001, Hlíðar 06002, Leistur 06006, Karri 06007, Sjómaður 06019 og Völusteinn 06020 muni ekki koma til framhaldsnotkunar og fá þau C dóm. Áður hafði Koli 06003 verið tekinn inn sem nautsfaðir og hefur nýtt kynbótamat staðfest ágæti hans sem slíks.
- c. Rætt um nautaskrá og þau naut sem verði til notkunar nú eftir keyrslu kynbótamats. Eftirfarandi naut eru nú tekin úr notkun Ás 02048 (fullnotaður), Hlaupari 04010 (lítið notaður og lækkar í kynbótamati)

Rauður 05021 (lítið notaður og lækkar í kynbótamati)
Standur 05013 (lítið notaður og lágur í kynbótamati)
Gussi 05019 (lítið notaður og lækkar í kynbótamati)
Sússi 05037 (lítið notaður og lágur í kynbótamati)

Í staðinn komi áður nefnd naut úr árgangi 2006 auk þess sem Gyllir 03007 verði aftur tekinn til notkunar fyrst og fremst vegna minni skyldleika við önnur naut sem í notkun eru auk þess sem hann hefur haldið sínu í kynbótamati. Jafnframt er ákveðið að gefa út nautaskrá nú í sumar 2012 sem lið í eflingu ræktunarstarfs í nautgriparækt.

- d. Rætt um nautsmæður og hvort breyta eigi föstum fyrir val nautsmæðra. Miðað við nógildandi fasta fyrir nautsmæður eru um 660 nautsmæður á skrá og ákveðið að halda nógildandi viðmiðum fyrir þær. Einnig er rætt um nauðsyn þess að fara í átak varðandi markvissari pörun á nautsmæðrum.

2. Efling ræktunarstarfsins

Sigurður Loftsson fer yfir ályktun aðalfundar hvað varðar eflingu ræktunarstarfsins. Sviðsstjóri ráðgjafasviðs leggur vinnuþagg BÍ, varðandi eflingu ræktunarstarfsins, fyrir fundinn er það rætt og eru menn sammála þeim forgangsatríðum sem þar koma fram enda eru þau í samræmi við mörg þau áherslu atriði sem fram koma í ályktun aðalfundar LK. Mikilvægt sé nú að þjappa mönnum saman í eitt lið sem stendur saman um ræktunarstarfið.

Sérstaklega er tekin fyrir síðasti hluti ályktunar aðalfundar LK um ræktunarstarfið sem fjallar um innskot á erfðaeefni. Rætt er um hvort þörf sé fyrir að gera verndunar áætlun fyrir íslenska kúastofninn. Hvað telst hreinn stofn og hversu mikil innblöndun megi vera. Einnig hvaða aðgerða hægt sé að grípa til, til að flýta framförum í íslenska kúakyninu. Mikilvægt að fá flöt á þessa umræðu og margt sem þarf að ræða. Eitt af því eru ungnautin en í ályktun LK er kallað eftir frekari upplýsingum um þau.

Rætt er um hugmyndir um að beina stuðningi við mjólkurframleiðslu í einhverjum mæli inn í kynbótastarfið. Þetta hefur áður verið rætt á vettvangi fagráðs. Hér er um að ræða óframleiðslutengdan stuðning í mjólkursamningi. Rætt er um að það geti verið styrkur fyrir greinina að hafa frumkvæði að því að móta hugmyndir um einhverskonar gæðastýringu í nautgriparækt sem komi þá meðal annars inn á ræktunarstarfið. Vinna þarf innan ramma nógildandi samnings og líklegast að einfaldast sé að byggja ofan á gæðastýrt skýrsluhald í þrepum. Ákveðið er að Þórarinn Leifsson vinni með nautgriparæktarráðunautum að mótun hugmynda hvað slíkt varðar

Einnig vinni Þórarinn með nautgriparæktarráðunautum gátlista hvað varðar það sem huga þarf að varðandi hugsanlegt innskot erfðaefnis í kúastofninn, fara yfir tæknileg útfærsluatríði og síðast en ekki sýst setja skýr markmið með slíkri aðgerð. Fagråd ræði sín á milli í gegnum tölvupóst.

3. Önnur mál

Tillaga um fækkun á útsendum sæðisskömmtum lögð fyrir fundinn. Vel hefur gengi í sæðistöku og nú er talsvert af ungnautum sem bíða útsendingar. Lagt er til að fækka útsendum skömmtum úr hverju nauti úr 1000 í 900 og er það samþykkt.

Umsókn Tryggva Höskuldssonar vegna BS verkefnis við LbhÍ lögð fyrir fundinn. Verkefnið varðar klaufsjúkdóma hjá mjólkurkúm á Íslandi. Samþykkt að veita 200 þúsund krónur í styrk vegna verkefnisins.

Samþykkt að framlengja styrk vegna HUPPU, flestum verkþáttum lokið en ekki er búið að innheimta styrk.

Ákveðið að áherslur og forgangsverkefni í rannsóknum skuli áfram skoðað og rætt innan fagraðs

Ritað 29. maí

/GEH